

**Eiríkur Rögnvaldsson**

**Háskóla Íslands**

## AF LÝSINGARORÐSVIÐURLÖGUM

### 1. Inngangur

#### 1.1 Um viðurlög almennt

Einn meginmunur hefðbundinnar setningafræði og generatífrar felst í því að sú generatífa leggur aðaláherslu á að lýsa formgerð setninga, en sú hefðbundna byggir mjög á merkingarlegum venslum milli setningarhluta.<sup>1</sup> Þetta veldur því m.a. að hugtök eins og **frumlag** og **andlag**, sem yfirleitt er auðvelt að tengja ákveðinni stöðu í formgerðinni, eru notuð í generatífri setningafræði ekkert síður en hefðbundinni. Önnur, sem ekki verða tengd einni ákveðinni formgerð, heldur er haldið saman með merkingarlegum rökum fyrst og fremst, hafa hins vegar horfið að miklu leyti. Eitt þeirra er **viðurlag**. Það er skilgreint svo hjá Birni Guðfinnssyni (1943:23):

- (1) **Viðurlag** er **fallorð** (eitt eða fleiri), **sem kveður nánar á um annað fallorð** eða greinir **ástand** þess, sem um ræðir. Samband viðurlags og aðalorðs er lausara en samband einkunnar og aðalorðs.

Sem sjá má er þessi skilgreining nokkuð laus í reipunum, enda eru þeir liðir sem taldir eru til viðurlaga allfjölbreyttir. Hér eru nokkur af dæmum Björns Guðfinnssonar (1943:23-24):

- (2) Við þekkjum hann, þrjótinn
- (3) Ólafur, hreppstjórinn, á þetta hús
- (4) Hann er myndarlegasti maður, hár og þrekinn
- (5) Þau skildust síðan vinir
- (6) Þú ættir að lána mér hesta á morgun, tvo eða þrjá
- (7) Það er ekki víst, að ég bjóði þér þetta aftur
- (8) Hann lofaði því, að þú yrðir látinn sitja fyrir vinnu
- (9) Þeir unnu eiðana fúsir
- (10) Þangbrandur skírði hann þrevetran
- (11) Þú sast hjá mér sjúkum

Það er nokkuð ljóst að ekki hafa allir þessir liðir sömu stöðu í formgerð setninganna, enda er viðurlögum stundum skipt í **lýsingarviðurlög** og **atviksviðurlög** (Jakob Jóh. Smári 1920), eða greint milli **lausra** viðurlaga og annarra (Björn Guðfinnsson 1943, Skúli Benediktsson 1981). En það er ekki einstakt fyrir íslensku að svo margvíslegir liðir séu flokkaðir undir viðurlög; staða þeirra og afmörkun í ensku er líka allóljós (sjá t.d. Matthews 1981:222-236 o.v.; sum viðurlögin í (2)-(11) flokkast undir það sem í ensku er nefnt **apposition**).

#### 1.2 Lýsingarorðsviðurlög

Sú fjölbreytni sem lýst var hér að framan veldur því, að generatífastar hafa hvergi fjallað um viðurlög í einu lagi. Einstakar tegundir þeirra hafa verið teknar fyrir; umfjöllun um setningar á við (2) má t.d. finna hjá Höskuldi Þráinssyni (1979), en þar er þessi formgerð kölluð **hægri sveifla** (Right Dislocation). Í sama riti er einnig rækileg úttekt á stöðu skýringarsetninganna sem kallaðar eru viðurlög í (7) og (8). Lýsingarorð sem standa sem viðurlag hafa hins vegar að mestu orðið útundan (sjá þó umfjöllun Jóns Friðjónssonar 1982 um lh. nt. sem viðurlag). Markmið þessarar greinar er að bæta úr því, og gera úttekt á stöðu lýsingarorða eins og fúsir í (9), þrevetran í (10) og sjúkum í (11) hér að framan.

Í öðrum kafla eru fyrst tekin nokkur dæmi um viðurlög, og síðan sett fram sú tilgáta um tengsl þeirra við orðin sem þau eiga við, að viðurlögin séu alltaf upprunnin innan viðkomandi nafnliðar (frumlagsliðar í (9), andlagsliðar í (10), forsetningarliðar í (11)). Í þessum kafla eru einnig teknir fyrir tveir annmarkar sem virst gætu vera á þessari lausn, en talið að þegar betur er að gáð, séu þeir engin hindrun.

Í þriðja kafla eru lýsingarorð með andlögum, fallorðum forsetninga og frumlögum athuguð hver fyrir sig, og komist að þeirri niðurstöðu að hægt sé að gera ráð fyrir að tilgátan sem sett var fram í 2. kafla standist, þ.e. að viðurlög séu alltaf upprunnin í liðnum sem þau eiga við, en síðan yfirleitt færð út úr honum; sé þessum möguleika hafnað, kosti það ýmsar flækjur og hæpnar lausnir.

Í fjórða kafla er fyrst bent á ýmis önnur hlutverk sem sérstæð lýsingarorð geta gengt. Tekin eru dæmi af frumlægum og andlægum sagnfyllingum, og borin saman við viðurlög; þar kemur fram að þótt þar séu oft líkindi á yfirborðinu, eru bæði merkingarleg og formgerðarleg tengsl sagnfyllinga og viðurlaga við aðra liði setningar gerólík.

Fimmti kafli er svo lokaorð, þar sem niðurstöður eru dregnar saman.

## 2. Tengsl viðurlags og nafnorðs

### 2.1 Staða viðurlags

Við skulum í upphafi líta á nokkur fleiri dæmi um lýsingarorðsviðurlög með ýmsum setningarliðum (flest tekin frá Birni Guðfinnssyni 1943 og Skúla Benediktssyni 1981):

- (12) Hörður barðist ótrauður
- (13) Hann kom ungur til Ísafjarðar
- (14) Ég mætti Sveini drukknum
- (15) Ég þekkti hann ungan
- (16) Jón kom að honum dauðum
- (17) Hann bað fyrir Sveini sjúkum

Í fyrstu tveimur dæmunum á viðurlagið við frumlag setningarinnar; í næstu tveimur á það við andlag; og í þeim síðustu við nafnorð í forsetningarlið. Í seinni tilvikunum standa því viðurlagið og nafnorðið sem það á við hlið við hlið, en þegar viðurlag á við frumlag stendur það oftast aftan við sögn, þótt frumlagið sé á sínum vanastað framan sagnar.

Einkunnir standa jafnan á undan orðinu sem þær eiga við, en viðurlög standa "nær alltaf" á eftir aðalorðinu (Skúli Benediktsson 1981:56).<sup>2</sup> Frá þessu eru þó undantekningar; Kristján Írnason (1980:44) gefur dæmi um lýsingarorðsviðurlag sem stendur á undan no. í frumlagslið, þegar hann ber saman einkunn og viðurlag:

- (18) a Gulí bíllinn valt ofan í skurð (einkunn)  
b Gulur bíll valt ofan í skurð (einkunn)  
c Gulur bíllinn valt ofan í skurð (viðurlag)

Kristján leggur þó áherslu á að munur einkunnar og viðurlags byggist á hlutverki, en ekki útliti; einkunnir þrengi merkinguna, en viðurlög ekki. En hvort sem viðurlagið stendur næst orðinu sem það á við eða fjarri því er það alltaf í sterkri beygingu og **sambeygist aðalorðinu**; stendur í sama kyni, tölu<sup>3</sup> og falli. Ef það myndar setningarlið með frumlaginu, eins og það virðist gera í (18)c, er þetta ekkert vandamál; það er regla að ákvæðisorð í nafnlið sambeygjast höfuðorðinu, nafnorði. Ef viðurlagið stendur hins vegar fjarri orðinu sem það á við, skapar lýsing þess ýmis vandamál, bæði hvernig gera á grein fyrir sambeygingu og ýmislegt fleira, eins og fram kemur hér á eftir.

Við skulum í upphafi setja fram tilgátu um setningafræðileg tengsl viðurlags við nafnorðið sem það á við:

- (19) Öll viðurlög eru hluti nafnliðarins í djúpperð setninganna, og standa þar á undan nafnorðinu eins og í (18)c. Viðurlög fá því á eðlilegan hátt sama fall og aðalorð liðarins; en síðan eru þau færð til hægri út úr liðnum; viðurlög með frumlagi aftur fyrir sögnina, en önnur aftur fyrir viðkomandi nafnlið

Hér á eftir verður reynt að sýna fram á að þessi tilgáta standist, en aðrir möguleikar á uppruna viðurlaga, s.s. að þau séu upprunnin utan viðkomandi nafnliðar eða aftast í honum, séu mun ófýsilegri. Við skulum byrja á að athuga tvo agnúa sem í fljótu bragði gætu virst vera á þessari tilgátu; annan merkingarlegan, hinn setningafræðilegan.

## 2.2 Merkingartengsl viðurlags og nafnliðar

Lengi hefur það verið eitt grundvallaratriða generatífrar málfræði að ummyndanir (t.d. ýmsar færslur) breyttu aldrei merkingu (sjá Katz & Postal 1964:157). Til þess að hægt sé að telja tvær setningar leiddar af sömu djúpperð, verða þær því að merkja það sama; sé svo ekki, hlýtur djúpperðin að vera mismunandi. Nú væri vel hugsanlegt að koma með þá mótbáru gegn uppruna allra viðurlaga í nafnlið, að setningar eins og (20)a og b merktu ekki það sama:

- (20) a Blindfullur strákurinn kom heim  
b Strákurinn kom blindfullur heim

Í seinna dæminu er frekar um að ræða það sem Jakob Jóh. Smári (1920:91) nefnir atviksviðurlag, og skilgreinir svo:

- (21) Atviksviðurlag er það viðurlag nefnt, er greinir ástand eða hag hlutarins í sambandi við athöfn þá, sem frá er sagt.

Og Skúli Benediktsson (1981:56) segir: "Viðurlag takmarkar merkingu sagnar líkt og atviksorð eða atvikssetning ..." Þessar skilgreiningar gefa til kynna að hlutverk viðurlagsins sé hér a.n.l. annað en lýsingarorða sem standa innan nafnliðar. Það mætti hugsa sér að umorða setningarnar í (20) eitthvað á þessa leið:

- (22) a Strákurinn var blindfullur og hann kom heim

b Strákurinn var blindfullur þegar hann kom heim

En hvers eðlis er munur þessara setninga? Margir merkingarfræðingar vilja byggja skilgreiningu merkingar á **sannleiksgildi** (truth value), og segja að tvær setningar merki þá og því aðeins það sama, að þær hafi **naðsynlega sama sannleiksgildi** (sjá um þetta t.d. Lyons 1977:167-173; Kempson 1977, 3. og 5. kafli og tilvísanir þar). Með því er átt við að ef önnur setningin er sönn, þá hljóti hin að vera það líka; og ef önnur er ósönn, hljóti hin líka að vera ósönn (að því gefnu, auðvitað, að setningarnar eigi við sömu persónur, hluti eða atburði). Ef við skoðum nú setningarnar í (20) í þessu ljósi, þá virðist greinilegt að á þeim er ekki merkingarmunur í þessum skilningi; sé því slegið föstu að verið sé að lýsa sama atburði er sá möguleiki útilokaður að önnur setningin sé sönn en hin ósönn. Sannleiksgildi þeirra hlýtur alltaf að fara saman, og merkingu þeirra mætti lýsa með einhverju í líkingu við:

(23) Fyrir eitthvert  $x$  gildir að  $x$  er strákur og  $x$  var blindfullur og  $x$  kom heim

Hitt er svo annað mál, að vissulega er nokkur blæbrigðamunur á setningunum. En hann felst í **túlkun**, en ekki í **sannleiksgildi**. Færsla lýsingarorðsins út úr nafnliðnum veldur því að okkur finnst einhvers konar tímamerking koma inn í setninguna; en þegar betur er að gáð er hana svosem að finna í báðum setningunum. Það er sem sé alveg jafn ljóst af (20)a að það var þegar forstjórinn kom heim sem hann var blindfullur, en setningin segir ekkert um ástand hans á öðrum tímum. Það er hins vegar algengt að ákveðnar færslur setningarliða valdi því að menn lesi ákveðnar aukamerkingar (konnótasjónir) út úr setningu; færsla andlags fremst í setningu (kjarnafærsla) er t.d. oft talin verða til þess að andlagið sé skilið sem andstæða við eitthvað annað (sjá t.d. Höskuldur Þráinsson 1979:64-66). En vegna þess að þetta hefur ekki áhrif á sannleiksgildi setninganna, kemur það ekki í veg fyrir að báðar gerðirnar séu leiddar af sameiginlegri djúpperð (sjá t.d. Partee 1971).

### 2.3 Viðurlög með fornöfnum og sérnöfnum

Annað atriði sem virst gæti vandamál fyrir tilgátuna í (19) er að það er ekki alltaf sem viðurlögin geta komið fram innan viðkomandi nafnliðar, á undan aðalorði hans; aðeins þegar það er venjulegt nafnorð, en t.d. ekki þegar það er persónufornafn eða sérnafn. Hins vegar er allt í lagi að hafa viðurlög með þessum síðarnefndu orðum ef það stendur ekki innan viðkomandi liðar, heldur einhvers staðar annars staðar í setningunni, eins og hér sést:

(24) a Glaðbeittur fjármálaráðherrann samdi við Dagsbrún  
b Fjármálaráðherrann samdi glaðbeittur við Dagsbrún  
c Glaðbeittur samdi fjármálaráðherrann við Dagsbrún

(25) a \*Glaðbeittur Albert samdi við Dagsbrún  
b Albert samdi glaðbeittur við Dagsbrún  
c Glaðbeittur samdi Albert við Dagsbrún

(26) a \*Glaðbeittur hann samdi við Dagsbrún  
b Hann samdi glaðbeittur við Dagsbrún  
c Glaðbeittur samdi hann við Dagsbrún

Ef öll viðurlög eru talin upprunnin innan nafnliðarins sem þau eiga við, verður sem sagt að gera ráð fyrir skyldubundinni færslu viðurlagsins út úr liðnum ef aðalorð hans er persónufornafn eða sérnafn.

Það er reyndar ekkert einsdæmi að setningar séu vondar ef grundvallarorðaröð þeirra kemur óbreytt fram í yfirborðsgerð (sjá t.d. Höskuldur Þráinsson 1979:99-108); en slíkum greiningum verður þó að taka með varúð og styðja sterkari rökum en ella. En eru slík rök fyrir hendi hér?

Við skulum nú athuga að fornöfn og sérnöfn í hlutverki höfuðorðs nafnliðar haga sér á ýmsan hátt öðruvísi en venjuleg nafnorð. Þau geta t.d. varla tekið með sér einkunnir, og bæta tæpast við sig greini. Það þyrfti því ekkert að koma á óvart þótt þau höguðu sér öðruvísi en nafnorð í sambandi við viðurlög. Þá yrði að gera ráð fyrir einhvers konar "yfirborðssíu" (surface filter) sem banni að viðurlög komi fram í nafnlið sem hefur fornafn eða sérnafn að höfuðorði. Slíkar yfirborðssíur leika talsvert hlutverk í seinni tíma fræðum Chomskys (sjá einkum Chomsky & Lasnik 1977). Einkenni þeirra er einmitt það, að þær útiloka að setningar, sem leyfa verður liðgerðarreglunum að leiða út, komi fram á yfirborði.

Til að þessi lausn verði fýsileg, þarf í fyrsta lagi að finna eitthvað sem fornöfn og sérnöfn eigi sameiginlegt andstætt venjulegum nafnorðum; og í öðru lagi færa einhver rök að því að það sé þetta atriði sem ræður úrslitum um hvort hægt er að nota viðurlag eða ekki.

Fyrra atriðið er ekki vandamál. Það er sameiginlegt með persónufornöfnum og sérnöfnum að þau eru í eðli sínu ákveðin. En hvað varðar það síðarnefnda skulum við líta á (27)-(28):

- (27) a (\*)Fokvondur forsætisráðherra skammaði Albert  
b Forsætisráðherra skammaði Albert fokvondur  
c Fokvondur skammaði forsætisráðherra Albert

- (28) a (\*)Áhyggjufull mamma kallaði á mig  
b Mamma kallaði áhyggjufull á mig  
c Áhyggjufull kallaði mamma á mig

a-setningarnar eru að vísu hugsanlegar, en þá aðeins í óvenjulegri merkingu; (27)a yrði þá að merkja 'einhver forsætisráðherra' (ekki endilega sá sem nú situr á Íslandi, eins og eðlilegast er) og (28)a yrði að merkja 'einhver mamma', þ.e. ekki mamma mín. Ef setningarnar eru túlkaðar á þann hátt sem eðlilegastur er, þ.e. að í þeim sé vísað til ákveðinna einstaklinga, gengur ekki að hafa lýsingarorðið á undan.

Athugum nú að frumlög þessara setninga eiga það sameiginlegt með persónufornöfnum og sérnöfnum að þau hafa undir venjulegum kringumstæðum ákveðna tilvísun; eru merkingarlega ákveðin án þess að hafa með sér greini eða nokkurt ákvæðisorð, og geta þá ekki tekið með sér viðurlag frekar en persónufornöfn og sérnöfn. Ef þau eru túlkuð þannig að þau hafi ekki ákveðna tilvísun, geta þau tekið með sér viðurlög eins og hver önnur nafnorð. Það er sem sagt ljóst að þarna er það merkingartúlkunin sem ræður því hvort hægt er að nota viðurlag eða ekki, en ekki setningafræðileg formgerð (sem er væntanlega hin sama hvor túlkunin sem er).

Það er líka hægt að nota viðurlög (og greini) með sérnöfnum í einstökum tilvikum, ef hægt er að líta svo á að sérnöfnin séu að öðrum kosti óákveðin:

- (29) Sársvangir Jónarnir röltu heim á leið

Ef hér stæði sársvangir Jónar væri merkingin 'einhverjir menn sem báðir (allir) hétu Jón', en ekki gæti verið um að ræða tilvísun til ákveðinna manna sem allir þekktu. Þetta hvorttveggja bendir til að ekki þurfi að gera ráð fyrir sérstakri formgerð þeirra nafnliða sem hafa sérnöfn eða persónufornöfn

að höfuðorði, heldur séu hömlurnar á stöðu lýsingarorða með þeim merkingarlegar. Setningafræðilega er þess vegna ekkert því til fyrirstöðu að gera ráð fyrir sama uppruna viðurlaga með þeim og venjulegum nafnorðum.

### 3. Viðurlög með einstökum setningarliðum

#### 3.1 Viðurlög með frumlagi

##### 3.1.1 Viðurlög innan sagnliðar

Hér verður gert ráð fyrir að íslenskum setningum megi lýsa með eftirfarandi liðgerðarreglum m.a. (sjá Höskuldur Þráinsson 1983, 1984):

$$(30) S \rightarrow NI HI (AI) SI \left( \begin{matrix} FI \\ AI \end{matrix} \right) \left( \begin{matrix} FI \\ AI \end{matrix} \right) (S')$$

$$(31) SI \rightarrow \begin{cases} (NI) \left( \begin{matrix} NI \\ LI \end{matrix} \right) (FI) \\ SI \end{cases} \text{ so}$$

Eins og sjá má er ekki gert ráð fyrir lýsingarorðslið sem beinum stofnhluta í setningu; hins vegar er hann hafður með í sagnlið, og á þessi regla að geta gert grein fyrir lýsingarorðssagnfyllingum, bæði frumlægum og andlægum (sjá 4. kafla hér á eftir).

Við skulum nú athuga hvort lýsingarorðsliður sá sem gert er ráð fyrir í (31) geti líka náð yfir viðurlög með frumlagi; þ.e. hvort þessi viðurlög séu innan sagnliðarins. Færð hafa verið rök að því (Eiríkur Rögnvaldsson 1982a, 1983b; Höskuldur Þráinsson 1983, 1984) að aðalsögn setningar myndi því aðeins sjálfstæðan lið með andlögum sýnum (og hugsanlega öðrum fylgiorðum) að hjálparsögn sé í setningu; annars séu sögn og andlög beinir stofnhlutar í setningunni. Sé viðurlagið upprunnið **utan** sagnliðarins, ætti það þá aðeins að geta staðið milli sagnar og andlags ef engin hjálparsögn er í setningunni. Að öðrum kosti væri um að ræða færslu inn í lið, sem vanalega er talin útilokuð. Ef viðurlagið er hins vegar upprunnið innan sagnliðarins, ætti ekki að skipta máli hvort hjálparsögn er í setningunni eða ekki, því að hvort heldur er væri ekki um að ræða færslu utanaðkomandi orðs inn í liðinn. Lítum nú á hvernig þetta kemur út; sagnliðurinn er hér sýndur með hornklofum til glöggvunar:

(32) a Albert stríðir galvaskur samráðherrunum  
b Albert stríðir samráðherrunum galvaskur

(33) a \*Albert mun [<sub>SI</sub> stríða galvaskur samráðherrunum]  
b Albert mun [<sub>SI</sub> stríða samráðherrunum] galvaskur

Það er greinilegur munur á (32)a og (33)a; sú síðarnefnda er ekki góð setning, og bendir það til að viðurlagið sé upprunnið utan sagnliðarins. Lýsingarorðsliðurinn innan sagnliðar í (31) virðist því ekki geta tekið yfir viðurlög með frumlagi. Ef við viljum ekki hafa viðurlagið sem hluta frumlagsliðar í djúpperð, verðum við því að gera ráð fyrir því sem beinum stofnhluta í setningunni. Það er möguleiki sem ekki er fyrir hendi í (30), og yrði því að bæta honum við þar fyrir aftan sagnliðinn. En er það fýsileg lausn? Við sitjum a.m.k. enn uppi með það vandamál að gera grein

fyrir samræmingunni við frumlagið í kyni, tölu og falli. Við skulum því yfirgefa þennan möguleika í bili, og skoða þann möguleika að öll viðurlög með frumlagi séu upprunnin í frumlagslið.

### 3.1.2 Færsla viðurlaga út úr frumlagslið

Greinilegt er að sá möguleiki að viðurlög með frumlagi komi fram í frumlagsliðnum sjálfum er fyrir hendi, eins og áður segir (sbr. (18)c). Ef gert væri ráð fyrir að öll viðurlög með frumlagi væru upprunnin aftan við sagnlið, yrði þá að telja að í slíkum tilvikum væru þau færð inn í frumlagsliðinn; að öðrum kosti bryti færsla þeirra fremst í setningu án þess að frumlagið viki úr sæti þá reglu að sögnin sé aldrei aftar en í öðru sæti setningarinnar. Nú er vanalega talið að slík færsla utanaðkomandi orða inn í liði sé algjörlega bönnuð, og því m.a. beitt sem einni helstu röksemd í greiningu setninga í liði (sjá Eiríkur Rögnvaldsson 1983b); það er því ekki fýsilegt að gera ráð fyrir slíkri færslu. Ef við viljum enn telja að (flest) viðurlög séu upprunnin aftan sagnliðar, verðum við þá að segja að viðurlög með frumlagi geti annaðhvort verið upprunnin í frumlagslið eða aftan sagnliðar. Þetta er í sjálfu sér ekki útilokað, en í generatífri málfræði hafa menn löngum leitast við að finna eina djúperð sem leiða megi öll afbrigði af í tilvikum sem þessum, þar sem um er að ræða öll sömu orð og sama sannleiksgildi. Það er ekki einu sinni svo gott að fyllidreifing sé milli viðurlaga í frumlagslið og viðurlaga með frumlagi aftan sagnar; stundum getur hvorttveggja gengið, eins og (34) sýnir, og m.a.s. í sömu setningunni eins og sést á (35):

- (34) a Bálreiður forsætisráðherra skammaði Albert  
b Forsætisráðherra skammaði Albert bálreiður

- (35) Rámur forsætisráðherra skammaði Albert bálreiður

Vegna þess að í (34)a og b eru sömu orð og sama sannleiksgildi, er eðlilegt að athuga hvort hægt sé að leiða aðra af hinni með einhverri færslumyndun. Við erum búin að útiloka þann möguleika að (34)a sé leidd af (34)b, því að þá væri um að ræða færslu inn í lið. En er mögulegt að leiða (34)b af (34)a með færslu hluta frumlagsliðarins til hægri?

Það er síður en svo nokkurt einsdæmi að hluti frumlags sé færður aftur fyrir sögn. Um ýmsar slíkar færslur er fjallað hjá Eiríki Rögnvaldssyni (1982a); þar er að vísu alltaf um það að ræða að "hægri grein" frumlagsliðarins færist, en lýsingarorðið bálreiður er á "vinstri grein" í (34)a.<sup>4</sup> En færslur vinstri greinar koma líka fyrir; t.d. gerir Höskuldur Þráinsson (1984) ráð fyrir að óákveðna fornafníð allir sé upprunið í frumlagslið í (36)b-c, og þær setningar því leiddar af djúperð sem samsvarar (36)a:

- (36) a Allir Íslendingar munu [<sub>S1</sub> kjósa Vigdís] 1984  
b Íslendingar munu allir [<sub>S1</sub> kjósa Vigdís] 1984  
c \*Íslendingar munu [<sub>S1</sub> kjósa allir Vigdís] 1984  
d Íslendingar munu [<sub>S1</sub> kjósa Vigdís] allir 1984

Ef við berum þetta saman við setningar með lýsingarorðsviðurlagi, koma mikil líkindi í ljós:<sup>5</sup>

- (37) a Glæðbeittur fjármálaráðherra mun [<sub>S1</sub> stríða samráðherrunum]  
b Fjármálaráðherra mun glæðbeittur [<sub>S1</sub> stríða samráðherrunum]  
c \*Fjármálaráðherra mun [<sub>S1</sub> stríða glæðbeittur samráðherrunum]  
c Fjármálaráðherra mun [<sub>S1</sub> stríða samráðherrunum] glæðbeittur

Lýsingarorðsviðurlagið og óákveðna fornafnið geta sem sagt staðið á sömu stöðum í setningunni; hvorugt getur hins vegar staðið milli sagnar og andlags ef hjálparsögn er í setningunni, og er það einmitt það sem við er að búast sé gert ráð fyrir að þau séu upprunnin utan sagnliðarins, því að þá er um að ræða færslu inn í hann í c-setningunum, en ekki öðrum. Það er líka einkenni liða sem er frestað, þ.e. færðir til hægri, að þeir geta lent á ýmsum stöðum í setningunni; liðir sem eru færðir til vinstri fara aftur á móti vanalega alveg fremst í hana (sjá Eiríkur Rögnvaldsson 1982a). Hegðun viðurlagsins í (37) passar því vel við hegðun liða sem frestað er úr frumlagssæti.

### 3.2 Viðurlög með andlagi

#### 3.2.1 Mynda viðurlög með andlagi lið með höfuðorðinu?

Við skulum nú athuga lýsingarorðsviðurlög sem standa með andlagi. Þau standa venjulega næst orðinu sem þau eiga við, og mætti því búast við að þau væru einfaldari viðfangs en viðurlög með frumlagi, sem langoftast standa fjarri höfuðorðinu. Rifjum nú upp dæmin sem tilgreind voru um viðurlag með andlagi:

(38) Ég mætti Sveini drukknunum

(39) Ég þekkti hann ungan

Í fljótu bragði mætti virðast að reglan í (31) hér að framan gæti gert grein fyrir þessum setningum, því að þar er einmitt gert ráð fyrir lýsingarorðslið næst á eftir andlagi, eins og er í þessum dæmum. En málið er ekki svo einfalt, því að þótt viðurlag með andlagi standi **yfirleitt** á eftir nafnorðinu sem er höfuðorð andlagsliðarins, getur það staðið á undan því við ákveðin skilyrði, rétt eins og viðurlag með frumlagi:

(40) a Ég sá blindfullan forstjórnann  
b Ég sá forstjórnann blindfullan

Spurningin er nú: Er eðlilegt að lýsa (40) með reglu (31), þ.e. gera ráð fyrir því að viðurlagið sé upprunnið sem sérstakur liður aftan andlagsins? Það er ljóst að röðin í (40)b er miklu algengari, og mætti því telja líklegt að hún stæði nær grundvallarorðaröðinni. Í (40)a væri þá um að ræða umröðun tveggja sjálfstæðra liða, ef gert væri ráð fyrir að grunngerðinni mætti lýsa með (31); einnig væri hugsanlegt að telja viðurlagið upprunnið aftan nafnorðsins í andlagsliðnum sjálfum, og væri þá um að ræða umröðun orða innan eins og sama liðar eða færslu annars hvors þeirra (yfir hitt) út úr honum (þ.e. færslu lo. út úr liðnum til vinstri eða no. út úr honum til hægri). En gallinn er sá að ekki verður betur séð en blindfullan forstjórnann sé setningarliður í (40)a, en forstjórnann blindfullan í (40)b sé ekki liður, því að fyrrnefnda sambandið er hægt að færa í einu lagi fremst í setningu, en hið seinna ekki, eins og (41) sýnir:<sup>6</sup>

(41) a Blindfullan forstjórnann sá ég hér í gær  
b \*Forstjórnann blindfullan sá ég hér í gær

Sama kemur í ljós ef við beitum frestun óákveðins frumlags:

(42) a \*Það sáu blindfullan margir forstjórnann  
b Það sáu forstjórnann margir blindfullan

Munur (42)a og b útskýrist ef við gerum ráð fyrir að blindfullan forstjórnann myndi lið, og því sé



ekki hægt að stinga neinu þar á milli, en forstjórann blindfullan myndi ekki lið saman. Ef leiða ætti (40)a af (40)b, yrði þá að gera ráð fyrir að lo. sem væri upprunið utan liðarins (sbr. (42)b) væri stungið inn í hann. Ef því er hafnað að viðurlögin séu alltaf upprunnin innan þess nafnliðar sem þau eiga við, verður að gera ráð fyrir að þau geti verið upprunnin á tveimur stöðum, þ.e. sem hluti andlagsnafnliðar og sem beinn stofnhluti í sagnlið (eða setningu). en síðan oft færð út úr honum. Eins og áður segir þykir slík tvöfeldni alltaf dálítið grunsamleg.

### 3.2.2 Andlæg viðurlög og flokkunarrámmar sagna

En hér er fleira sem kemur til. Athugið eftirfarandi mun viðurlags með frumlagi í (43) og með andlagi í (44):

(43) \*Forsætisráðherra mun [<sub>SI</sub> skamma bálreiður Albert]

(44) Flokkurinn mun [<sub>SI</sub> árna ráðherranum sextugum heilla]

Hér sést, eins og áður hefur komið fram, að viðurlag með frumlagi (í (43)) getur ekki staðið inni í sagnlið; það getur viðurlag með andlagi hins vegar, sem marka má af því að það stendur milli tveggja andlaga í (44). Og reyndar væri mjög undarlegt ef viðurlag með andlagi stæði utan sagnliðar, vegna þess að fall þess er ákvarðað af sögninni. A.m.k. yrði að ætla því einhvern annan stað en viðurlagi með frumlagi.

Það að gera verður ráð fyrir að viðurlag með andlagi eigi heima í sagnlið hefur víðtækar afleiðingar. Sagnir eru nefnilega yfirleitt nokkuð sjálfráðar um það hvað þær taka með sér í sagnliðnum; sumar taka sagnliði (þ.e. eru hjálparsagnir), aðrar taka andlag, enn aðrar tvö, sumar andlag og forsetningarlið, ýmsar eingöngu forsetningarlið, og nokkrar alls ekki neitt; sumar geta svo valið milli tveggja eða fleiri af þessum möguleikum. Sumpart fer þetta eftir merkingu sagnanna, en sumpart virðist aðeins vera um að ræða "sérvisku" viðkomandi sagna.<sup>7</sup> Þannig merkja ræna og stela eitthvað svipað, en ræna getur tekið tvö andlög, stela bara eitt. Sömuleiðis er fallstjórn sagna að verulegu leyti tilviljanakennd; sagnir sömu eða svipaðrar merkingar stjórna iðulega mismunandi föllum (sjá Höskuldur Þráinsson 1983; Eiríkur Rögnvaldsson 1983a).

Ef gert er ráð fyrir að viðurlag með andlagi sé eða geti verið sérstakur stofnhluti í sagnlið, þá er sögnin jafnframt búin að missa lögsögu yfir sagnliðnum að verulegu leyti. Þá er það nefnilega ekkert undir henni komið hvort lýsingarorðsliður getur staðið í sagnliðnum eða ekki, heldur ræðst það algjörlega af því hvort sögnin getur tekið andlag eða ekki. Flokkunarrámmi koma yrði þannig [<sub>SI</sub>\_\_], flokkunarrámmi berja [<sub>SI</sub>\_\_NI(L)]; en engin sögn hefði, né gæti haft, bara [<sub>SI</sub>\_\_NI]. Ef andlag er með, getur viðurlag sem sé alltaf fylgt. Þar að auki geta bæði andlög tveggja andlaga sagna tekið viðurlög:

(45) Albert sýndi ráðherranum bálreiðum samningana undirritaða

Ef viðurlögin væru talin sjálfstæðir liðir yrði flokkunarrámmi sýna (og annarra tveggja andlaga sagna) að vera [<sub>SI</sub>\_\_NI(L)NI(L)], en [<sub>SI</sub>\_\_NI NI(L)] eða [<sub>SI</sub>\_\_ NI(L)NI] væri ekki til. Vegna þess hve fylliliðamunstur sagna er annars fjölbreytt, gera þessi göt í það greininguna mjög grunsamlega, og benda sterklega til að viðurlögin séu hluti andlagsliðarins í öllum tilvikum, en ekki sjálfstæðir stofnhlutar í sagnlið.

Í framhaldi af þessu má einnig benda á þann vanda sem skapast við lýsingu sagna sem geta tekið

andlag eða þurfa þess ekki, eins og borða. Lítum á eftirfarandi setningar:

- (46) a Stefán borðaði
- b Stefán borðaði matinn
- c Stefán borðaði matinn heitan
- d \*Stefán borðaði heitan

Til að lýsa (46)a-c yrði flokkunarrámmi borða að vera [<sub>SI</sub>\_\_(NI)(LI)]; báðir liðirnir yrðu að vera í sviga, því að hvorugur er nauðsynlegur, eins og (46)a sýnir. En samkvæmt þessum flokkunarramma mætti búast við að hægt væri að sleppa nafnliðnum, en hafa lýsingarorðsliðinn með, rétt eins og hægt er að sleppa lýsingarorðsliðnum en hafa nafnliðinn með í (46)b. (46)d sýnir þó greinilega að sá möguleiki er útilokaður; lýsingarorðið er algerlega háð nafnorðinu.

Lýsing sem gerir ráð fyrir bæði andlagi og viðurlagi sem sérstökum, sjálfstæðum stofnhlutum í sagnlið er því ekki rétt. Ef við gerum hins vegar ráð fyrir því að viðurlög með andlögum séu alltaf upprunnin í andlagsnafnliðnum, fellur allt í ljúfa löð; þá þurfum við aðeins að gera ráð fyrir sömu síunni og varðandi viðurlög með frumlagi til að skýra að lýsingarorðin geta ekki staðið framan við persónufofnöfn og sérnöfn.

### 3.3 Viðurlög með fallorði forsetningar

Lítum þá næst á viðurlög með nafnorðum sem stjórnast af forsetningum. Dæmin um þau voru þessi:

- (47) Jón kom að honum dauðum
- (48) Hann bað fyrir Sveini sjúkum

Hér gildir það enn að oft er einnig hægt að hafa viðurlagið fyrir framan:

- (49) a Enginn tjónkaði við ölóðan strákinn
- b Enginn tjónkaði við strákinn ölóðan

En eins og í andlagssæti virðist viðurlagið því aðeins mynda lið með nafnorðinu að það standi fyrir framan það, eins og munur (50)a og b sýnir; (50)c sýnir á hinn bóginn að þótt viðurlagið færist út úr nafnliðnum þar sem það er upprunnið, er það áfram innan forsetningarliðarins og flyst með ef hann er fluttur sem heild:

- (50) a Ölóðan strákinn tjónkaði enginn við
- b \*Strákinn ölóðan tjónkaði enginn við
- c Við strákinn ölóðan tjónkaði enginn

Það er því ekki hægt að leiða (49)a af (49)b, því að þar væri um að ræða færslu inn í lið. Þá eru enn sem fyrr tveir möguleikar eftir; að leiða (49)b af (49)a með færslu viðurlagsins út úr liðnum; eða gera ráð fyrir að mismunandi djúppgerðir liggi að baki, og viðurlagið geti bæði verið upprunnið innan NI og sem beinn stofnhluti í Fl. Seinni möguleikinn krefðist þess að liðgerðarreglu Fl væri breytt úr (51)a (há Höskuldi Þráinssyni 1983a) í (51)b:

- (51) a Fl ---> (ao) fs (NI)
- b Fl ---> (ao) fs (NI)(LI)

Nafnliðurinn, fallorð forsetningarinnar, verður að vera innan sviga, því að margar forsetningar geta ýmist tekið fallorð eða ekki. En hér kemur þá upp sama vandamálið og nefnt var varðandi sagnir sem taka valfrjálst andlag; með því að hafa bæði NI og LI í sviga er gefið til kynna að forsetning geti tekið með sér hvorn þeirra sem er en sleppt hinum, en það er ekki rétt, eins og (52)d sýnir:

- (52) a Jón sat hjá
- b Jón sat hjá ánum
- c Jón sat hjá ánum órólegum
- d \*Jón sat hjá órólegum

Nærvera lýsingarorðsins er sem sagt skilyrt af því að nafnorð sé til staðar. Hins vegar eru hér engin ný vandamál ef gert er ráð fyrir því að lýsingarorðið sé upprunnið innan nafnliðarins.

#### 4. Viðurlög og sagnfyllingar

##### 4.1 Staða lýsingarorða í sterkri beygingu

Nú er komið að því að líta á málin frá annarri hlið, og bera viðurlög saman við sagnfyllingar. Í hefðbundinni setningafræði eru lýsingarorð í sterkri beygingu greind á a.m.k. þrjá mismunandi vegu; sem **frumlæg sagnfylling** (53), **andlæg sagnfylling** (54), og **viðurlag** (55):

- (53) Kennarinn er leiðinlegur
- (54) Vésteinn málaði bílinn rauðan
- (55) Albert samdi óhræddur við Dagsbrún

Það er auðséð að þótt lýsingarorðunum séu hér gefin mismunandi nöfn, er **eðli** liðanna hið sama í öllum dæmunum. Þannig geta lýsingarorðin tekið með sér sams konar ákvæðisorð, hvað sem þau eru kölluð; s.s. atviksorð á undan og forsetningarlið á eftir eins og í eftirfarandi dæmum:

- (56) a Kennarinn er ákaflega leiðinlegur
- b Kennarinn er leiðinlegur við mig
- (57) a Vésteinn málaði bílinn fallega rauðan
- b Vésteinn málaði bílinn rauðan á lit
- (58) a Albert samdi alveg óhræddur við Dagsbrún
- b Albert samdi óhræddur um sig við Dagsbrún

Það sem réttlætir hinar mismunandi nafngiftir er því ekki **gerð** liðanna, heldur **hlutverk** þeirra og tengsl við aðra liði. Reyndar má færa ýmis rök að því að þessi tengsl séu fremur merkingarleg en setningafræðileg; en þó má færa setningafræðileg rök fyrir mismunandi stöðu viðurlaga annars vegar og sagnfyllinga hins vegar, og skulum við nú snúa okkur að því.<sup>8</sup>

##### 4.2 Viðurlög og frumlægar sagnfyllingar

Fljótt á titið svipar viðurlögum og frumlægum sagnfyllingum oft mjög saman, eins og t.d. í eftirfarandi setningum:

- (59) Strákurinn var blindfullur  
 (60) Strákurinn kom blindfullur

Í fljótu bragði virðist staða lo. blindfullur svipuð í báðum dæmunum; en venja er að kalla það fyrri sagnfyllingu, hitt viðurlag. Við skulum nú athuga hvaða rök séu fyrir því - hvort uppruni liðanna sé mismunandi:

- (61) \*Blindfullur strákurinn var  
 (62) Blindfullur strákurinn kom

Hér sést að útilokað er að telja lo. í (59) upprunið í frumlagslið - þá vantar eitthvað í setninguna. (62) er hins vegar fullkomin setning, rétt eins og (60). Athugum svo þessar setningar:

(63) Míg langaði  $\left. \begin{array}{l} \text{ungan} \\ * \text{ungt} \end{array} \right\}$  út í heim

(64) Mér var  $\left. \begin{array}{l} \text{kalt} \\ * \text{köldum} \end{array} \right\}$

(65) Mér var  $\left. \begin{array}{l} \text{ungum kalt} \\ * \text{ungt} * \text{köldum} \end{array} \right\}$

Í hefðbundinni setningafræði er kalt að vísu ekki kallað sagnfylling, vegna þess að það samræmist ekki nafnliðnum í kyni, tölu og falli; heldur er það kallað **hálfhliðstætt** lýsingarorð (sjá Björn Guðfinnsson 1958:45). Mér virðist þó ljóst að setningafræðileg staða þess sé hin sama og sagnfyllinga. Ístæðan fyrir því að það samræmist ekki nafnlið er sú að viðkomandi nafnliður er í aukafalli; og þar eð slíkir NI geta ekki lagað sagnir að sér, er ekki við því að búast að þeir geti gert það við sagnfyllingar. Við höfum líka tvímyndir eins og þessar (sjá Helgi Bernóðsson 1982; Höskuldur Þráinsson 1983):

(66) a  $\left. \begin{array}{l} \text{boðið} \\ * \text{boðinn} \end{array} \right\}$  í mat

b  $\left. \begin{array}{l} \text{boðinn} \\ * \text{boðið} \end{array} \right\}$  í mat

- þar sem sést að samræming lh. við nf. er skylda, en útilokuð við aukafall (sjá Eiríkur Rögnvaldsson 1982b).

En nú stendur viðurlagið ungan/ungum í sama kyni, tölu og falli og frumlagið. Það sýnir okkur tvennt. Í fyrsta lagi mun á sagnfyllingu og viðurlagi; og í öðru lagi bendir það til að viðurlagið sé upprunið í frumlagsliðnum, því að aukafallsfrumlag virðist ekki geta lagað aðra liði að sér.<sup>9</sup>

#### 4.3 Viðurlög og andlægur sagnfyllingar

Sama gildir um viðurlög og sagnfyllingar með andlagi, að þar eru oft mikil líkindi á milli á yfirborðinu:

(67) Sveinn hellti strákinn blindfullan

(68) Sveinn hitti strákinn blindfullan

Þótt þessar setningar virðist hliðstæðar, er á þeim bæði merkingar- og setningafræðilegur munur. Í fyrri setningunni lýsir sagnfyllingin breytingunni sem verður á andlaginu; í hinni er ekki um neitt slíkt að ræða. Þar er líka hægt að breyta röðinni, en tæplega ef um sagnfyllingu er að ræða:<sup>10</sup>

(69) Sveinn hitti blindfullan strákinn

(70) ??Sveinn hellti blindfullan strákinn

Munurinn kemur enn betur fram ef andlagið er fært fremst:<sup>11</sup>

(71) Blindfullan strákinn hitti Sveinn

(72) \*Blindfullan strákinn hellti Sveinn

Áður var sagt að ef viðurlag með andlagi væri talið beinn stofnhluti í sagnlið væri það sérstakt að því leyti að sögnin hefði enga lögsögu yfir því. Hins vegar er þessu allt öðruvísi farið með andlæga sagnfyllingu; það eru aðeins ákveðnar sagnir sem taka hana. Það er því mun eðlilegra að gera ráð fyrir henni sem sérstökum lið í sagnliðnum en viðurlaginu.

Þennan mun má sjá enn betur þegar við skoðum sagnir eins og mála, sem geta tekið með sér andlæga sagnfyllingu en þurfa þess ekki; bæði (73)a og b eru eðlilegar setningar:

(73) a Vésteinn málaði bílinn

b Vésteinn málaði bílinn rauðan

Við höfum minnst á að setningar þar sem viðurlag er utan liðarins sem það á við hafa nauðsynlega sama sannleiksgildi og þær sem hafa viðurlagið innan liðarins; en (74) getur auðveldlega haft annað sannleiksgildi en (73)b:

(74) Vésteinn málaði rauðan bílinn

(74) segir sem sagt ekkert um hvernig bílinn hafi orðið á litinn, aðeins hvernig hann hafi verið áður en málningin hófst. Þetta sést líka á því að hægt er að hafa andstæð lýsingarorð með mála:

(75) Vésteinn málaði rauðan bílinn gulan

Hér er rauðan viðurlag sem segir til um hvernig bílinn var áður, en gulan andlæg sagnfylling sem segir hvernig bílinn varð. En ef sögnin tekur ekki andlæga sagnfyllingu er ekki hægt að hafa tvö andstæð lýsingarorð með andlaginu:

(76) \*Sveinn hefur hitt blindfullan strákinn ófullan

Hér verður nefnilega að túlka bæði lýsingarorðin sem viðurlög með andlaginu; og ekki er von að þau megi vera gagnstæðrar merkingar, ef bæði eru upprunnin í andlagsnafnliðnum.

Hér hefur verið bent á ýmiss konar mun viðurlaga annars vegar og sagnfyllinga hins vegar, sem allur hnígur í þá átt að eðlilegt sé að telja viðurlögin upprunnin í þeim NI sem þau eiga við, en sagnfyllingarnar ekki.

## 5. Lokaorð

Í upphafi var bent á að viðurlög eru af svo margvíslegu tagi að ekki er við því að búast að hliðstæð lýsing eigi við þau öll. Í öðrum kafla var gefið yfirlit yfir stöðu viðurlaga, og sett fram sú tilgáta að öll viðurlög séu upprunnin innan liðarins sem þau eiga við.

Síðan var gerð grein fyrir viðurlagi með þrenns konar nafnliðum; frumlagi, andlagi og fallorði forsetningar. Í ljós kom að alls staðar eru tveir möguleikar fyrir hendi. Annar er í öllum tilvikum sá að viðurlagið sé alltaf upprunið innan nafnliðarins; hinn er að það sé ýmist upprunið í nafnliðnum eða utan hans, og þá sem beinn stofnhluti í sama lið og viðkomandi nafnliður sjálfur (þ.e. í S ef um frumlag er að ræða, SI ef nafnliðurinn er andlag, FI ef hann er fallorð forsetningar).

Fyrri möguleikinn krefst þess að gert sé ráð fyrir að hluti NI geti færst til hægri út úr liðnum; en gera verður ráð fyrir ýmsum slíkum færslum hvort eð er, eins og áður segir. Auk þess verður að gera ráð fyrir sérstakri síu sem komi í veg fyrir að viðurlagið komi fram innan ákveðinna tegunda nafnliða í yfirborðsgerð; en færð voru rök að því að þar væri um merkingarlegt atriði að ræða, sem kæmi setningafræðilegri formgerð ekki við. Þessi möguleiki virðist því ákjósanlegur frá setningafræðilegu sjónarmiði og kostar ekki viðbót við mállýsinguna; aðeins eru nýttir betur möguleikar sem verða að vera fyrir hendi hvort eð er.

Öðru máli gegnir um hinn möguleikann. Íður var nefnt að tvenns konar uppruni sams konar liða þætti alltaf grunsamlegur; og hér yrði m.a.s. að gera ráð fyrir slíku á þrem mismunandi stöðum, því að ekki er hægt að gera ráð fyrir að viðurlag sé alltaf upprunið á sama stað utan NI, eins og áður segir. Það yrði sem sé að bæta LI við í liðgerðarreglur S, SI og FI; en jafnframt yrði einhvern veginn að sýna að þessi LI er háður ákveðnum NI, og getur ekki birst einn og sér. Einnig þyrfti að gera sérstaka grein fyrir því hvernig kyn, tala og fall frumlagsins færast yfir á viðurlag þess, þótt þau standi ekki saman í setningunni.

Í fjórða kafla var svo bent á að þótt lýsingarorðsviðurlög líktust oft á yfirborði sagnfyllingum, er hægt að finna ýmiss konar setningafræðilegan mun þar á, sem styður enn frekar að viðurlögin séu talin upprunnin innan nafnliðar, en sagnfyllingarnar ekki.

Meginniðurstaða greinarinnar er því þessi: Lýsingarorðsviðurlög eru upprunnin innan þess nafnliðar sem þau eiga við, þótt þau séu oftast færð út úr honum í yfirborðsgerð.

## Neðanmálgreinar

1. Ég þakka Halldóri Ármanni Sigurðssyni og Höskuldi Þráinssyni fyrir ýmsar gagnlegar athugasemdir við frumgerð þessarar greinar.
2. Jón Friðjónsson (1982:206) segir að vísu að viðurlag vísi ekki til eftirfylgjandi liða; en það kemur ekki í veg fyrir að viðurlag standi á undan nafnorðinu (eða fornafninu) sem það á við, ef það er innan sama nafnliðar.

3. Þótt hvor í sambandinu hvor ... sinn líkist frumlægum viðurlögum að ýmsu leyti, þarf það ekki að sambeygjast í tölu. Það er meginástæðan fyrir því að ég tek það ekki með hér og tel það annars eðlis. Til þess bendir það einnig, að það getur staðið inni í andlagslið, eins og Halldór Írmann Sigurðsson hefur bent mér á, en það geta frumlæg viðurlög annars ekki, sjá hér á eftir:

(i) Þeir (ft.) munu [s] hafa gefið hvor (et.) sína gjöfina]

4. Reyndar er það svo, að sé grunngerð íslenskra setninga talin vera eins og hjá Platzack (1983) eða Eiríki Rögnvaldssyni (1984) er hér um það að ræða að meginhluti (hægri grein) frumlagsliðarins flyst til vinstri (fram fyrir hjálparlið) en lýsingarorðið á vinstri grein er skilið eftir á upphaflegum stað. Það skiptir þó ekki máli hér hvort sá kostur er tekinn.

5. Enda segir Jakob Jóh. Smári (1920:92): "Í þennan hátt (sem viðurlag) ber og yfirleitt að nota lýsingarorðin allur, miður, hálfur, þver ...". Athugið að hér er allur talið lýsingarorð, eins og líka hjá Sigfúsi Blöndal (1920-1924); en nú mun það yfirleitt talið til óákveðinna fornafna (Björn Guðfinnsson 1958:55, Skúli Benediktsson 1981:16). Það er líka ljóst að setningafræðileg (og beygingarleg) hegðun þess er önnur en venjulegra lýsingarorða (stendur t.d. á undan ábendingarfornöfnum og töluorðum í nafnlið og hefur aðeins sterka beygingu); að það breytir því ekki að hlutverk þess er oft svipað og lo.

6. Halldór Írmann Sigurðsson (1983:46) gerir ráð fyrir að orð eins og \$allir og flestir (sem hann kallar **magnliði**) séu á hægri grein nafnliðar þegar þau standi með fornöfnum. Rökin fyrir því sækir hann (1983:151-152) í andlags- og sagnfyllingarliði, og ber saman setningar eins og (1)a og b:

- (i) a Ég þekki þá alla
- b \*Ég þekki alla þá

En þessi rök eru ógild, því að þá alla í (i)a myndar ekki lið. (i)b er þá útilokuð af alveg sömu ástæðum og (ii):

(ii) \*Allir þeir fóru

- en ekki af því að einhverjar sérstakar merkingarlegar eða fúnksjónalískar ástæður gildi um frumlagsliði, eins og Halldór telur (1983:50).

7. Sjá um þessi atriði og önnur skyld hjá Höskuldi Þráinssyni (1979, 1983).

8. Um ýmis atriði varðandi mun sagnfyllinga (frumlægra og andlægra) og viðurlaga má lesa hjá Jóni Friðjónssyni (1982).

9. Að vísu samræmast sagnfyllingar frumlögum sem hefur verið "lyft" (sjá Höskuldur Þráinsson 1979), jafnvel þótt þau séu í þolfalli:

(i) Ég taldi Svein (þf.) hafa verið fullan (þf.)

Ég læt liggja milli hluta hvernig eigi að gera grein fyrir þessu; sjá Andrews (1982).

10. Jón Friðjónsson (1982:206) nefnir að vísu dæmi um að viðurlag með andlagi verði að standa á eftir andlaginu, þótt það síðarnefnda sé venjulegt nafnorð:

- (i) a Hann hélt fyrirtækinu gangandi  
b \*Hann hélt gangandi fyrirtækinu

Ég fæ hins vegar ekki betur séð en gangandi sé hér andlæg sagnfylling, en ekki viðurlag.

11. Setningar eins og (70) geta nefnilega gengið í ákveðnu samhengi, ef strákinn felur í sér nýjar upplýsingar (sjá Eiríkur Rögnvaldsson 1982a); yfirleitt myndi þá fylgja honum tilvísunarsetning:

- (i) Sveinn hellti blindfullan strákinn sem ...

## Heimildir

- Andrews, Avery. 1982. Long Distance Agreement in Modern Icelandic. Pauline Jacobson & Geoffrey K. Pullum (ritstj.): The Nature of Syntactic Representation, bls. 1-33. Reidel, Dordrecht.
- Björn Guðfinnsson. 1943. Íslenzk setningafræði handa skólum og útvarpi. [2. útg.] Ísafoldarprentsmiðja H.F., Reykjavík.
- \_\_\_\_\_. 1958. Íslenzk málfraði handa framhaldsskólum. 6. útg. Eiríkur Hreinn Finnbogason annaðist útg. Ríkisútgáfa námsbóka, Reykjavík.
- Chomsky, Noam, & Howard Lasnik. 1977. Filters and Control. Linguistic Inquiry 8:425-504.
- Eiríkur Rögnvaldsson. 1982a. Um orðaröð og færslur í íslensku. Kandiðatsritgerð í íslenskri málfraði, Háskóla Íslands (fjölfölduð).
- \_\_\_\_\_. 1982b. We Need (Some Kind of a) Rule of Conjunction Reduction. Linguistic Inquiry 13:557-561.
- \_\_\_\_\_. 1983a. Þágufallssýkin og fallakerfi íslensku. Skíma 16:3-6.
- \_\_\_\_\_. 1983b. Sagnliðurinn í íslensku. Íslenskt mál 5:7-28.
- \_\_\_\_\_. 1984. Icelandic Word Order and það-Insertion. Working Papers in Scandinavian Syntax.
- Halldór Ármann Sigurðsson. 1983. Um frásagnarumröðun og grundvallarorðaröð í forníslensku ásamt nokkrum samanburði við nútímamál. Kandiðatsritgerð í íslenskri málfraði, Háskóla Íslands (fjölfölduð).
- Helgi Bernódusson. 1982. Ópersónulegar setningar. Ritgerð til kandiðatsprófs í íslenskri málfraði, Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Höskuldur Þráinsson. 1979. On Complementation in Icelandic. Garland Publishing, New York.
- \_\_\_\_\_. 1983. Setningafræði. Kennslukver handa nemendum á háskólastigi. Fyrri hluti. 2. tilraun með breytingum. Reykjavík.
- \_\_\_\_\_. 1984. On Auxiliaries, AUX and VPs in Icelandic. Væntanlegt í Lars Hellan & Kirsti Koch Christensen (ritstj.): Topics in Scandinavian Syntax. Reidel, Dordrecht.
- Jakob Jóh. Smári. 1920. Íslenzk setningafræði. Bókaverzlun Írsæls Írnasonar, Reykjavík.
- Jón Friðjónsson. 1982. Um lýsingarhátt nútíðar. Íslenskt mál 5:191-219.
- Katz, Jerrold, & Paul Postal. 1964. An Integrated Theory of Linguistic Descriptions. MIT Press, Cambridge, Massachusetts.
- Kempson, Ruth. Semantic Theory. Cambridge University Press, Cambridge.
- Kristján Írnason. 1980. Íslensk málfraði. Kennslubók handa framhaldsskólum. Fyrri hluti. Iðunn, Reykjavík.
- Lynons, John. Semantics I-II. Cambridge University Press, Cambridge.
- Matthews, P.H. 1981. Syntax. Cambridge University Press, Cambridge.
- Partee, Barbara Hall. 1971. On the Requirement that Transformations Preserve Meaning. Charles Fillmore & D. Terence Langendoen (ritstj.): Studies in Linguistic Semantics, bls. 1-21. Holt, Rinehart and Winston, New York.



Platzack, Christer. 1983. Germanic Word Order and the COMP/INFL Parameter. Working Papers in Scandinavian Syntax 2.

Sigfús Blöndal. 1920-1924. Íslensk-dönsk orðabók. Reykjavík.

Skúli Benediktsson. 1981. Íslenska handa efri bekkjum grunnskóla og framhaldsskólum. Skuggsjá, Hafnarfirði.